

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrtækja þess eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 11. október 2005.*

F. h. r.  
**Guðjón Bragason.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi vatnsveitu í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð.

Breytingin felst í því að þremur nýjum byggingar- og framkvæmdasvæðum ásamt borsvæðum, vegaslóðum og lögnum er bætt við. Borholum fjölgar úr 2 í 5. Mörkum skipulagssvæðisins er breytt og þau færast um 30 m til suðvesturs. Svæðið stækkar um 0,6 ha.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreindar breytingar á skipulagi öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 11. október 2005.*

**Sigurður P. Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Egilsholt 1 í Borgarnesi.

Um er að ræða lóð undir verslun við Egilsholt 1.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 18. október 2005.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.